Nr. 28.
8.
nóv.

# Lög

um

## að stofna slökkvilið á Ísafirði.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Á Ísafirði skal stofna slökkvilið.

2. grein.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivjelar og önnur slökkvitól, eptir boði bæjarfógetans, eður yfirboðara þess, sem af bæjarstjórninni verður settur yfir slökkviliðið.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki amtmanns reglugjörð fyrir slökkviliðið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Fredensborg, 8. nóvember 1883.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 28.
8de
Novbr.

# Lov

om

## Oprettelsen af et Brandkorps paa Isafjord.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Paa Isafjord skal der oprettes et Brandkorps.

§ 2.

Alle de af Byens Indvaanere, som dertil findes dygtige, skulle være pligtige til at møde fire Gange aarlig for at øve sig i Brugen af Sprøiter og andre Slukningsredskaber, efter nærmere Bestemmelse af Byfogden eller den af Byraadet beskikkede Anfører for Brandkorpset.

I Ildebrandstilfælde skulle alle arbeidsføre Mandspersoner i Byen være pligtige til at indfinde sig paa Brandstedet, og der udføre alt hvad der maatte blive dem befalet af den, der forestaar Slukningsforanstaltningerne, eller af hans Medhjælpere.

Byraadet affatter og indstiller til Amtmandens Approbation et Regulativ for Brandkorpset.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Fredensborg, den 8de November 1883.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*